



# Áfallahjálp í Njarðvíkurskóla

---

SKILGREINING ÁFALLS  
VIÐBRÖGÐ VIÐ ÁFALLI  
ÁFALLATEYMIÐ OG ÝMSAR UPPLÝSINGAR

# Skilgreiningar á áföllum í skóla

---

Ef nemandi, starfsmaður, forráðamenn, systkini eða skyldmenni nemanda verða fyrir alvarlegu áfalli.

Alvarleg áföll geta verið af völdum:

- Dauðsfalla.
- Slysa.
- Alvarlegra og / eða langvarandi veikinda.
- Líkamsárasa.
- Náttúruhamfara.
- Annars sem veldur áfalli hjá nemanda ýmis konar ofbeldi ( sjá viðbragsáætlun við kynferðisofbeldi), einelti (sjá eineltisáætlun skólans), breyttar heimilisaðstæður.

# Í áfallateymi Njarðvíkurskóla eru:

---

- Skólastjóri eða staðgengill hans
- Hjúkrunarfræðingur skólans
- Forsvarsmenn áfallateymis
- Með teyminu starfa: umsjónarkennari viðkomandi nemanda / kennrarar, deildarstjórar, stuðningsfulltrúar, skólaliðar og annað starfsfólk skólans
- Skólaritari

# Aðrir sem áfallateymið getur leitað til:

---

- Stýrihópur HSS
- Skólasálfræðingur
- Prestur
- Heilsugæslulæknir / heilsugæsla
- Lögregla

# Hlutverk áfallateymis

---

- Að sjá um að nemendur og starfsfólk skólans fái viðeigandi þjónustu ef þeir verða fyrir áfalli. Bæði við áfallið og eins á eftir þegar viðkomandi kemur aftur til starfa.
- Fræðsla til starfsfólks um viðbrögð við slysum og áföllum
- Ræða við nemendur í forvarnarskyni, sé þess óskað af umsjónarkennurum.

# Fyrstu viðbrögð vegna áfalls

---

- Upplýsingar um áföll berist til skólastjóra eða staðgengils hans.
- Skólastjóri leitar staðfestingar hjá viðkomandi eða aðstandendum.
- Skólastjóri leitar heimildar hjá viðkomandi eða aðstandendum hans um að fjallað verði um málið í skólanum.
- Skólastjóri kallar áfallateymi saman.
- Skólastjóri er sá eini sem svarar fjölmiðlum.
- Að tengiliður áfallateymis skólans og HSS sé prestur eða annar tilnefndur aðili.

# Aðgerðir áfallateymis eru að:

---

- Athuga hvort málið snertir nemendur í fleiri en einum bekk.
- Ákveða verkaskiptingu.
- Hringja í aðstoðarfólk ef með þarf.
- Sjá um að almenn tilkynning berist til starfsfólks þegar það á við.

# Viðbrögð vegna andláts starfsmanns skólans

---

- Skólastjórnendur greina samstarfsfólki frá andláti starfsmanns í samráði við prest eða annan fagaðila ef þörf krefur.
- Umsjónarkennari greinir sínum nemendum frá atburðinum.
- Ef umsjónarkennari óskar getur hann leitað aðstoðar annars starfsmanns og / eða annars fagfólks t.d. prest safnaðarins.
- Skólastjórnendur sjái til þess að samúðarkveðja berist frá starfsmönnum skólans t.d. með heimsókn til aðstandenda.
- Ef um er að ræða umsjónarkennara og nemendur vilja vera viðstaddir jarðarför hans þarf fagaðili úr áfallateymi ásamt skólastjórnendum að undirbúa það vandlega í samráði við foreldra og eða aðra aðstandendur.
- Umsjónarkennari eða fagaðili fjallar um málið í bekknum eftir þörfum.
- Skólastjóri bjóði starfsfólki og nemendum skólans upp á samverustund í skólanum.

# Viðbrögð vegna andláts nemanda

---

- Skólastjóri tilkynnir umsjónarkennara frá andláti og í framhaldi af því, öðrum starfsmönnum skólans.
- Umsjónarkennari greinir bekkjarfélögum frá atburðinum.
- Ef umsjónarkennari óskar getur hann leitað aðstoðar annars starfsmanns og / eða annars fagfólks t.d. prests safnaðarins.
- Foreldrum bekkjarfélaga verði tilkynnt um atburðinn ef við á.
- Skólastjörnendur sjái til þess að samúðarkveðja berist frá starfsmönnum skólans.
- Umsjónarkennari sjái til þess að samúðarkveðja berist frá bekkjarfélögum.
- Umsjónarkennari aðstoði bekkjarfélaga við skrif á minningargrein.
- Ef nemendur vilja vera viðstaddir jarðarför þarf umsjónarkennari að undirbúa það vandlega í samráði við foreldra og aðstandendur og getur kallað til ráðgjafa úr áfallateymi sér til aðstoðar, þ.e. fá ábyrgðaraðila sem fylgir nemendanum í jarðarförina eða athöfnina.
- Umsjónarkennari fjallar um málið í bekknum eftir þörfum.

Skólastjóri bjóði nemendum upp á samverustund í skólanum.

# Viðbrögð vegna alvarlegra slysa eða veikinda nemenda og starfsfólks

---

- Umsjónarkennari greinir bekkjarfélögum frá staðreyndum en ef um ræðir starfsmann skólans greinir skólastjóri samstarfsfólki frá atburðum.
- Ef umsjónarkennari óskar getur hann leitað aðstoðar annars starfsmanns eða annars fagfólks t.d. skólasálfræðings, skólahjúkunarfræðings.
- Umsjónarkennari athugar í samráði við forráðamenn hvort heimsóknir séu mögulegar eða heppilegar.
- Skólastjóri kanni í samráði við starfsmann hvort heimsókn er möguleg.
- Umsjónarkennari aðstoði nemendur að útbúa kveðjur frá bekkjarfélögum.
- Skólastjóri sendi kveðjur fyrir hönd starfsfólks.
- Umsjónarkennari fjallar um málið í beknum eftir þörfum.

# Viðbrögð við langveikum nemendum

---

Þegar barn er skilgreint sem langveikt þarf að hafa í huga að til þess að barn teljist langveikt þarf það ekki endilega alltaf að vera inniliggjandi á sjúkrahúsi eða vera veikt heima. Með langvinnum sjúkdómum er átt við:

- mjög alvarlega eða lífshættulega sjúkdóma
- alvarlega sjúkdóma en ekki endilega lífshættulega
- minna alvarlega en langvarandi sjúkdóma.

Langveik börn eru fjölbreyttur hópur með ólíkar þarfir.

- Ætíð skal unnið í samvinnu við forráðamenn.
- Starfsmönnum skal gefið rými til að tala við sálusorgara þegar þörf þykir, bæði einir og í hópi.
- Gefið skal rými til að leita upplýsinga um framvindu sjúkdómsins í samvinnu við skólahjúkrunarfræðing.
- Deildarstjóri heldur utan um starfsmannahópinn.
- Skólastjóri fær reglulegar upplýsingar um líðan nemandans

# Viðbrögð við öðrum áföllum sem snerta nemendur eða starfsfólk skólans

---

- Umsjónarkennari greinir frá atburðinum í bekknum.
- Skólastjóri greini starfsfólki frá áföllum er snerta aðra starfsmenn í samráði við viðkomandi starfsmann / starfsmenn.
- Ef umsjónarkennari eða skólastjóri óskar getur hann leitað aðstoðar annars starfsmanns eða annars fagfólks.
- Umsjónarkennari fjallar um málið í bekknum eftir þörfum og aðstæðum hverju sinni.
- Önnur áföll gætu verið andlát foreldris eða annarra aðstandenda, afbrot s.s. líkamsárasir, heimilisofbeldi, kynferðisofbeldi og sjálfsvíg, tengd nemendum.

# Móttaka eftir áfall

---

Áður en nemandi eða starfsmaður mætir  
aftur til starfa, sér áfallateymi skólans um  
að undirbúa komu hans m.a. með því að  
greina samstarfsfólki og eða  
samnemendum frá stöðu mála, kynna þeim  
hugsanleg viðbrögð og eða hvernig best sé  
að styðja við viðkomandi.

# Símaskrá fyrir áfallateymi

---

- Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri
  - gsm: 863-2426.
- Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri
  - gsm: 661-4643
- Rafn Markús Vilbergsson
  - gsm: 694-7292.
- Steindór Gunnarsson
  - gsm: 863-2123.
- Einar Trausti Einarsson skólasáfræðingur
  - gsm: 866-4720.
- Sr. Brynja Vigdís Þorsteindóttir
  - gsm: 862-1474.
- Anna Stefánsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur
  - gsm: 699-8789
- Einara Lilja Kristjánsdóttir
  - gsm: 661-9096.

# Önnur símanúmer

---

- Neyðarsími, 112.
- Áfallahjálp Landspítala :543-1000
- Barna og unglingageðdeild Landspítala : 543-4300.
- Heilsugæsla Suðurnesja, 422-0500.
- Lögreglan í Keflavík, 444-2200.